

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs 22. fundur 8. mars 2004

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs mánudaginn 8. mars 2004 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 16.00.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Leós Ingasonar héraðsskjalavarðar. - Formaður setti fund, en síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem send hafði verið út og var sem hér segir:

1. Húsnæðismál og búnaður.
2. Starfsmannamál.
3. Kópavogsdagar.
4. Fundur héraðsskjalavarða.
5. Akureyri - héraðsskjalasafn.
6. Tækjabúnaður.
7. Afgreiðslutími.
8. Önnur mál.

1. Húsnæðismál og búnaður.

Lagt var fram bréf, dags. 2. febr. 2004, þar sem fjármála- og hagsýslustjóri tilkynnir formanni skjalasafnsstjórnar f.h. Kópavogsbæjar að samþykkt hafi verið samhljóða í bæjarstjórn a) að skrifa undir samning um leigu á húsnæði að Smiðjuvegi 11 v. þarfa héraðsskjalasafnsins (sbr. 20. fg., 2.1.) og b) leigu á allri hæðinni í Hamraborg 1 fyrir safnið (sbr. 20. fg., 1.1.). Stjórnin fagnaði því að þessir samningar skuli nú vera í höfn, ræddi þá möguleika sem það gefur og þakkar bæjaryfirvöldum skilning á hlutverki og þörfum safnsins. Stjórnin ákvað að minna herbergið sem við bætist yrði fyrsti viðkomustaður gagna sem safninu berast og þarfnast aðfangaskráningar, hitt yrði herbergi starfsmanns. Salurinn ákvað stjórnin að yrði í senn les- og sýningarsalur, en setja þarf hillur í innsta hluta hans. Rætt var um geymsluskápa o.fl. í sambandi við aðalskjalageymslu. Um það verður nánar fjallað við fyrstu hentugleika.

Í tilefni af því að aðstaða hefur nú fengist á Smiðjuvegi til ljósmyndavinnu var skoðuð mappa með skönnuðum og merktum ljósmyndum úr myndasafni sem dæmi um hvernig gera má þær nothæfar og aðgengilegar gestum safnsins og öðrum sem áhuga hefðu á. Stjórnin mun leggja kapp á að þannig verði gengið frá myndasafninu og það síðan skráð í gagnagrunn með stafrænum hætti.

2. Starfsmannamál.

Stjórnin undrast seinagang við afgreiðslu launamáls skjalavarðar og ljósmyndara (sbr. 21. fg., 3.1.) og óskar þess að því verði lokið tafarlaust.

3. Kópavogsdagar.

Héraðsskjalaverði var falið að koma með fullmótaðar tillögur á næsta fundi um sýningu í héraðsskjalasafninu í tengslum við Kópavogsdaga 5.-11. maí nk.

4. Fundur héraðsskjalavarða.

Framundan er árlegur fundur héraðsskjalavarða á Ísafirði 5.-6. maí. Hann verður haldinn í gamla sjúkrahúsinu þar sem nú er orðið safnamiðstöð Ísfirðinga. Gefst þá tækifæri til þess að kynna sér aðstöðu og aðbúnað safnanna á staðnum. Gert er ráð fyrir að héraðsskjalavörður sækji fundinn.

5. Akureyri - héraðsskjalasafn.

Viðbygging Amtsbókasafnsins á Akureyri var formlega tekin í notkun 6. mars, en í húsakynnum þess eru Amtsbókasafnið og Héraðsskjalasafn Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsýslu í sambýli þótt hvort hafi sinn hluta. Héraðsskjalavörður var viðstaddur opnunina. Gerði hann stjórnarmönnum grein fyrir því hvernig að málum hefur verið staðið fyrir norðan, en aðstaða þar er nú mjög góð eftir breytingarnar og margt til fyrirmyndar.

7. Tækjabúnaður.

Héraðsskjalasafnið hefur nú fengið ljósmyndaskanna og tilheyrandi hugbúnað. Aðstaðan til ljósmyndavinnu er þar með komin í gott horf og fagnar stjórnin því, en tekur fram að forsenda þess að unnt sé að afgreiða myndir er að þær verði skráðar í gagnagrunn (sbr. 1.1.).

8. Afgreiðslutími.

Rætt var að gefnu tilefni um afgreiðslutíma safnsins. Eftir umræður um kosti og galla mismunandi afgreiðslutíma annarra skjalasafna varð niðurstaðan sú að fylgja fordæmi Borgarskjalasafns Reykjavíkur sem hefur opið kl. 10-16. Verður það gert um sinn til reynslu og sú ákvörðun síðan endurskoðuð ef þurfa þykir.

4. Önnur mál.

a) Rætt var hvort unnt væri að hefjast handa um að bjarga frá glötun heimildum og fróðleik um þann þátt í sögu Kópavogs sem tengist Elliðavatni og Vatnsendabyggð (sbr. 18. fg., 5.1.).

b) Lagt var fram til kynningarbréf til formanna og starfsmanna nefnda og ráða hjá Kópavogsbæ, dags. 19. febrúar 2004. Efni: Ný jafnréttisstefna 2004-2007.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 18.10.

Hilmar Björgvinsson
formaður

Hjörtur Pálsson
ritari

Gylfi Gröndal
meðstjórnandi

Leó Ingason
héraðsskjalavörður